


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



MAGNUS JOHANNSSON

RANNSÖKNIR A SILUNGI UR APAVATNI 1985.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-S/86002

VMST-S/86002

RANNSÖKNIR Á SILUNGI ÚR APAVATNI 1985.

I. INNGANGUR

Að beiðni veiðibænda við Apavatn var farið 13. september 1985 að Utey og Efra-Apavatni og afli rannsakaður hjá veiðibændum. Tilgangurinn var að athuga ástand og nýtingu silungsins í vatninu. Silungurinn var veginn lengdarmældur, tekin hreisturssýni og kvarnir til aldursákvörðunar. Kyn og kynþroski var ákvarðaður, einnig var magainnihald nokkurra fiska athugað.

II. NIÐURSTOÐUR


AFLI

Í Utey var fiskurinn veiddur mest í net með 32 mm ($1\frac{1}{4}$ ") möskva en einnig í net með 29 mm ($1\frac{1}{8}$ ") möskva. Afli í 32 mm möskva var að meðaltali 10 silungar í net en 18 silungar í net í 29 mm möskva. Alls voru rannsakaðar 30 bleikjur og 8 urriðar í Utey og 3 bleikjur og 4 urriðar á Efra-Apavatni.

BLEIKJA

Á Mynd 1 sést lengdardreifing rannsakaðra bleikja úr afla í Utey. Bleikjurnar voru flestar 26-30 cm langar, minnsta var 25 cm og sú stæsta 34 cm. Þyngdin var frá 150-410 g.

Í Töflu 1 kemur fram aldursdreifing og kynþroskastig bleikjana úr afla í Utey. Einn fisk reyndist ekki unnt að aldursgreina. Yngstu fiskarnir reyndust 3ja ára og þeir elstu 5 ára. Uppistaða aflans var 3ja ára fiskur. Flestar 3ja ára bleikjurnar voru ókynþroska (79%). Um 43% 4ra ára bleikja reyndust hinsvegar orðnar kynþroska. Í heild var um 31% af bleikju í afla kynþroska.



Mynd 1. Lengdardreifing rannsakaðra bleikja.

Veidd frá Utey 13. sept. 1985.

Tafla 1. Aldursdreifing og kynproskastig bleikju úr Apavatni. Ur afla í Utey 13. 9. 85. Skýringar : 1= ókynproska (1-2), 2= kynproska (3-5), 3= kynproska og hrygnt áður (7-).

Aldur	Hengar			Hrygnur			Bæði kyn			Samt.
	1	2	3	1	2	3	1	2	3	
Ar										
3+	5	2	0	10	2	0	15	4	0	19
4+	3	1	0	1	1	1	4	2	1	7
5+	1	0	0	0	2	0	1	2	0	3
Samtals	9	3	0	11	5	1	20	8	1	29

A Mynd 2 er sett upp lengd bleikjanna á móti aldri, sem gefur hugmynd um vöxt. Bleikjan virðist vaxa vel fyrstu æviárin en við 3ja ára aldur tekur að draga úr vexti. Meðallengdaraukning fyrstu 3 árin (0-3⁺) reyndist um 6.8 cm, en milli 3ja og 4. árs um 2.5 cm og milli 4. og 5. árs aðeins 0.3 cm. Vöxtur virðist því nær stöðvaður hjá fjögurra ára fiski og eldri. Hægari vöxtur verður samfara kynþroska bleikjunnar.

Holdarfar bleikjanna var í meðallagi (meðalholdstuðull= 1.00). Athugað var magainnihald hjá 3 bleikjum og voru rykmýslirfur í mestu magni.


A Efra-Apavatni voru 3 bleikjur athugaðar. Þær voru 27-31 cm langar og 200-275 g þungar og allar 3ja ára. Ein reyndist kynþroska.

URRIDI


A Mynd 3 er sett upp lengdardreifing urriðanna úr afla í Utey og Efra-Apavatni. Flestir voru urriðarnir 26-29 cm langir og 200-300 g þungir. Hængar voru í miklum meirihluta, eða 10 en aðeins tveir voru hrygnur. Tafla 2 sýnir aldursdreifingu meðallengd við aldur og kynþroskastig urriðanna. Flestir voru 3ja ára en sá elsti 6 ára. Allir urriðarnir voru ókynþroska nema einn 6 ára og 1.6 kg þungur.

Tafla 2. Aldursdreifing, meðallengdir og kynþroskastig urriða úr Apavatni veiddir 13. 9. 1985.

Aldur	Fjöldi	Meðallengd	Kynþroski		
Ár		cm	1	2	3
3+	9	28.0	9	0	0
4+	2	29.8	2	0	0
6+	1	(>40.0)	0	0	1
Samt. 12			11	0	1



Mynd 2. Meðallengd bleikju við aldur. Veidd í Apavatni frá Utey 13. sept. 1985.



Mynd 3. Lengdardreifing rannsakaðra urriða úr Apavatni. Veiddir Frá Utey og Efra-Apavatni 13. sept. 1985.

Vöxtur urriðanna virðist góður fyrstu 3-4 árin og þeir virðast vera enn í örum vexti eftir 4ra ára aldurinn, enda enn ekki orðnir kynþroska.

Athuguð var fæða hjá 8 urriðum. Í 4 þeirra var engin fæða og lítil í 3 þeirra. Algengasta fæðugerðin var fullorðnar. Tvívængjur, líklegast teknar af vatnsyfirborðinu. Einnig fundust ögður og hornsili.

III. ALYKTANIR

Bleikjan sem er veidd í vatninu er ung og fremur smá. Hlutfallslega lítið virðist vera af gamalli bleikju. Þetta bendir til þess að veiðialagið sé töluvert, en ekkert bendir til þess að um ofveiði sé að ræða. Bleikjan virðist hafa ágætán vöxt þar til hún verður um 30 cm löng, en hún nær þeirri stærð á 4. ári. Vöxtur bleikjanna virðist svipaður og kom fram í athugun 1973 og 1977 (Jón Kristjánsson 1974 og óbirt).

Eins og ástand bleikjustofnsins er nú er hann best nýttur með að veiða fisk sem er um eða rétt undir 30 cm, þ.e. áður en fiskurinn verður kynþroaka og vöxtur tekur að hæggast verulega. Þetta er best gert með því að nota 1 1/4 " (32 mm) riðil. Samhliða en í minna mæli mætti nota 1 1/8 " riðil (29 mm). Ef veitt er með stærri möskva veiðilast mun færri, lítið stærri en eldri fiskar og útkoman verður minni afrakstur.

Veiðialagið á urriðunum virðist rangt þar sem þeir virðast en ókynþroska og í örum vexti þegar þeir eru veiddir. Rétt er að reyna stýra veiðialaginu á urriðana með því að veiða með stærri möskva, t.d. 1 1/2 " (40 mm) á þeim stöðum þar sem urriðinn heldur sig mest.

Í framhaldi af þessum rannsóknum legg ég til að gerð verði viðameiri rannsókn þar sem veitt yrði með tilraunanetum sem gæfi betri heildarmynd af ástandi fiskstofnanna í vatninu.

Til þess að hægt sé að gefa frekari ráðgjöf um heppilega nytingu og veiðialag fiskstofnanna í vatninu þurfa að liggja fyrir nákvæmar skýrslur um veiði í vatninu. Því hvet ég bændur eindregið til að halda skýrslu um veiðarnar.

HEIMILDIR

Jón Kristjánsson 1974. Fiskirannsóknir í Apavatni.
VMST, Skýrsla.